

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 25. nóvember 2019

UST201904-163/S.M.

08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Hornafjarðar

Þann 3. september sl. fór fram reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Sorpstöðvar Hornafjarðar í Lóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og sjö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að urða allt að 3000 tonn af almennum neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 3312 tonn af úrgangi og er það umfram heimild í starfsleyfi.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Ganga þarf betur frá gömlum gryfjum fyrir lífrænan úrgang þar sem vatn hefur safnast fyrir.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Söfnunarkerfi fyrir hauggas er ekki til staðar á urðunarstaðnum.
4. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim en sígi ekki ofan í úrganginn. Frágangur á eldri urðunarreinum fyrir lífrænan úrgang telst ekki fullnægjandi þar sem vatn safnast í urðunarreinarnar.
5. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatn, grunnvatni, aurum, yfirborðsvatni og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Annaðhvort ár skal mæla samsetningu grunnvatns neðan urðunarstaðar. Slíkar mælingar hafa ekki farið fram.

6. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á niðurstöðum telst ekki fullnægjandi.
7. Gr. 5.5. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili skilaði grænu bókhaldi þann 17. júlí sl.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. desember, 2019.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Hornafjarðar Urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar (Lóni)

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	3.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigriður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Hornafjarðar	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 27	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bryndís Bjarnason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Skúli Ingólfsson	Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram sjö frávik frá kröfum starfsleyfisins er varða magn úrgangs, lokafrágang urðunarreina, hauggassöfnun, aðstöðu til sýnatöku, skil á skráningum og grænt bókhald. Rekstraraðili hefur skilað inn grænu bókhaldi. Staðfestar voru úrbætur er varða neyðaráætlun, umhverfismarkmið, ábyrgðartryggingu og virkni hreinsivirkis. Áfram eru opin frávik er varða umgengni og frágang á urðunarstaðnum, daglegan frágang urðunarreina og samráðsfund. Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er varða endurnýtanleg veiðarfæri og uppfærslu viðbragðsáætlunar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmenn voru Dröfn Svanbjörnsdóttir og Ólöf Vilbergsdóttir.

Eftirlitið fór fram í tvennu lagi. Urðunarstaðurinn var skoðaður í fylgd fulltrúa frá sveitarféluginu og Íslenska Gámafélagsins (ÍGF). Í lok skoðunarferðar var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, áhættumat fyrir úrgangsstaði, leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og úrbótaáætlun með upplýsinga- og umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins, Bryndísi Bjarnason, en einnig kíkt upp á svæði til að sanna að frágangur urðunarreina væri fullnægjandi.

Eftirfarandi kom fram á vettvangi.

Girðing um svæðið er í góðu ásigkomulagi og hlið lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Fram kom að svæðið er að jafnaði opið tvívar í viku en annars fer það eftir veðri. Á opnunartíma er starfsmaður frá ÍGF á svæðinu.

Urðunarreinar í notkun eru tvær, þ.e. fyrir lífrænan úrgang annars vegar og heimilis- og grófan úrgang hinsvegar.

Fram kom að seyra og sandur úr ræsum væru í gryfjunni fyrir lífrænan úrgang. Grindur voru yfir gryfjunni. Fiskúrgangur fer nú í meltu og lífrænn fyrirtækja- og heimilisúrgangur fer í jarðgerð.

Á svæðinu eru tvær gamlar urðunarreinar fyrir lífrænan úrgang sem ekki eru lengur í notkun. Fram kom að ganga þarf betur frá þeim gryfjum þar sem vatn hafði safnast fyrir og ummerki voru um að fugl hefði komist í æti þó svo að búið væri að byrgja þá gryfju með neti að einhverju leyti.

Vindasamt er á urðunarstaðnum og getur reynst erfitt að hemja fokefni þegar laust rusl er losað. Jákvætt var að sjá að á meðan á eftirliti stóð voru starfsmenn ÍGF að hreinsa upp laus fokefni sem höfðu dreifst um svæðið. Enn þarf samt að hreinsa upp fokefni og laus úrgangsefni sem hafa safnast fyrir ofan í skurðum, skorningum og þar sem skjól er, sem og að fjarlægja gömul net af svæðinu sem ekki á að nýta í yfirbreiðslu. Minnt er á að endurnýtanleg veiðarfæri eiga ekki að fara í urðun. Ekki sáust merki um fok utan girðingar urðunarstaðarins.

Daglegur frágangur urðunarreinar fyrir heimilis- og grófan úrgang var að mestu leyti fullnægjandi. Upplýsingar voru um að eitt og eitt hræ væri urðað í rein með heimilissorpi. Meðhöndlað timbur er kurlað áður en því er urðað.

Við skoðun var staðfest að hreinsivirkir virkaði og siturlagnir voru ekki stíflaðar.

Farið var yfir ákvæði starfsleyfisins, úrbótaáætlun og önnur gögn sem borist hafa Umhverfisstofnun með fulltrúa ÍGF. Fram kom að vegna frávika frá gr. 2.1 og 3.1 í starfsleyfi er unnið að því að hreinsa svæðið af fokefnum og starfsmenn verða sendir til að hreinsa upp laus úrgangsefni í skurðum, skorningum og þar sem skjól er. Einnig hefur grindum verið komið fyrir við urðunarrein meðan rusl er losað til að fanga fokefni.

Vegna frávika frá gr. 4.3 um daglegan frágang urðunarreina er reglulega leiðbeint um frágang til að koma í veg fyrir

fok. Tilmæli eru um að sinna einnig reglulegu eftirliti til að staðfesta fullnægjandi frágang urðunarreina.

Umhverfismarkmiðum, neyðaráætlun og staðfestingu ábyrgðartryggingar hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar.

EKKI hafa borist fullnægjandi skráningar skv. gr. 5.1 í starfsleyfi, þ.e. ekki hafa borist skráningar vegna tl. 1-6 og 9-13 í starfsleyfi.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila stendur til að halda samráðsfund en tímasetning hefur ekki verið ákveðin.

Fram kom að á urðunarstaðnum er ekki rekið söfnunarkerfi fyrir hauggas líkt og krafa er um í starfsleyfi, sbr. gr. 3.4. Samkvæmt bréfi frá Umhverfisráðuneyti dags. 20. júni 2012 gilti undanþága frá hauggassöfrun til 9. desember 2012. Í bréfinu kemur einnig fram að fyrir 15. febrúar 2013 bar sveitarféluginu að tilkynna Umhverfisstofnun hvort það hygðist taka á móti lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum og ef það væri ætlunin bar sveitarféluginu að skila inn á sama tíma framkvæmdaáætlun um söfnun á hauggasi frá urðunarstaðnum. Samkvæmt skráningum hefur lífrænn úrgangur verið urðaður á urðunarstaðnum undanfarin ár. Tilkynning um slíkt hefur ekki borist stofnuninni sem og ekki hefur borist framkvæmdaáætlun um söfnun á hauggasi.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimilt er að urða allt að 3000 tonn af almennum neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 3312 tonn af úrgangi og er það umfram heimild í starfsleyfi.

gr. 3.2 í starfsleyfi

Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Ganga þarf betur frá gömlum gryfjum fyrir lífrænan úrgang þar sem vatn hefur safnast fyrir.

gr. 3.4 í starfsleyfi

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Söfnunarkerfi fyrir hauggas er ekki til staðar á urðunarstaðnum.

gr. 4.5 í starfsleyfi

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim en sígi ekki ofan í úrganginn. Frágangur á eldri urðunarreinum fyrir lífrænan úrgang telst ekki fullnægjandi þar sem vatn safnast í urðunarreinarnar.

gr. 5.2 í starfsleyfi

Fullnægjandi aðstaða til sýnatoku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, aurum, yfirborðsvatni og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Annaðhvært ár skal mæla samsetningu grunnvatns neðan urðunarstaðar. Slikar mælingar hafa ekki farið fram.

gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á niðurstöðum telst ekki fullnægjandi.

gr. 5.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili skilaði grænu bókhaldi þann 17. júlí sl.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðili var minntur á að endurnýtanleg veiðarfæri eiga ekki að fara í urðun.
2. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.

ANNAÐ

Einnig voru viðstödd eftirlitið Ólöf Vilbergsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Einar Jóhann Sigurðsson frá Íslenska Gámafélaginu.

25.11.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

bis. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.